



**STÖÐ-2**

MEÐAL EFNIS

Í KVÖLD



**KL 20:45 LEIFTURDANS**

(Flashdance). Í aðalhlutverki er Jennifer Beals sem skaust beinustu leið á stjörnuhimininn eftir leik sinn í þessari mynd. Myndin fjallar um unga stúlku sem dremmir um að verða dansari og vinnur hörðum höndum til þess að láta drauma sína rætast.

ANNAN KVÖLD



**KL 17:00 Sunnudagur ELDLÍNA**

VÆNDI. Endursýndur þáttur.



**KL 21:25 Sunnudagur LAGAKRÖKAR**

(L.A. Law). Nýr þáttur sem fékk nýlega Golden Globe verðlaunin sem besti framhaldsþáttur í sjónvarpi. Í þáttunum er fylgst með nokkrum lögfræðingum í starfi og utan þess.

**STÖÐ-2**

Lykillinn færð  
að góðu  
kvöldi

Auglýsingasími  
Stöðvar 2 er 67 30 30

Lykillinn færð  
þú hjá  
Heimilistækjum



Heimilistæki hf


S:62 12 15

## Minningarathöfn um Valdimar Björnsson

MINNINGARATHÖFN um Valdimar Björnsson fyrrverandi fjármálaráðherra Minnesota fylkis, fór fram í gær í Grace Lutheran kirkjunni í Minneapolis. Jarðsetning fer fram í dag, laugardag, í bænum Minnesota þar sem foreldrar og bróðir Valdimars eru jörðuð. Stutt minningarathöfn verður einnig í gömlu íslensku kirkjunni í Minnesota.

Valdimar var um skeið ræðismaður Íslands í Minnesota áður en hann hóf þátttöku í stjórnmálum í Bandaríkjunum.

Hörður H. Bjarnason, sendifulltrúi við sendiráð Íslands í Washington verður viðstaddur útförina.



Morgunblaðið/RAX

Hluti af sýningarnefnd FÍM. Frá vinstri: Sigrid Valtingojer, Edda Óskarsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Björg Atladóttir, Sverrir Ólafsson, Bjarni Þórarinnsson og Björg Örvar.

## Ungir listamenn setja svip á Tvíæring myndlistarmanna

TVÍÆRINGUR Félags íslenskra myndlistarmanna verður opnaður á Kjarvalsstöðum á laugardag. Félagið hefur að jafnaði haldið árlega haustsýningu, en framvegis verða samsýningar þess annaðhvort vor undir þessu nafni. Að þessu sinni verður aðgangur ókeypis.

Í FÍM eru liðlega eitt hundrað listamenn úr flestum greinum myndlistar. Sýningarnefnd velur úr innsendum verkum og eiga 28 félagar verk á sýningunni. Þau eru unnin með margvíslegum aðferðum. Málverkið er mest áberandi að þess sinni en einnig gefur að líta grafík, höggmyndir, vefnað, leir og trémyndir.

Á fundi með fréttamönnum kom fram að sýningarnefndin reyndi að setja mjög strágar kröfur við val verka. Er ætlunin að fylgja þeirri stefnu á komandi tvíæringum, þannig að sýningargestir geti vænst þess að sjá markverða myndlist. Sýnendur eru flestir ungir að árum, um eða undir þrítugu.

Bragi Ólafsson formaður sýningarnefndar sagði að félagið hefði eflst mjög mikið á undanförunum árum. „Af félaginu hefur verið lyft því oki að vera hagsmuna og baráttusamtök listamanna. Við lítum að það sem „þakfélag“ þar sem ólíkir myndlistarmenn koma saman. Hver listgrein á sér síðan sér félag eins og Íslenska grafík, Höggmyndarafélagið og fleiri,“ sagði Bragi.

Sýningin verður opin frá kl. 14.00-22.00 dagana 14.-29. mars.



Efstu menn á lista sjálfstæðismanna við nýju flugstöðina í Keflavík, talið frá vinstri: Viglundur Þorsteinsson, Ólafur G. Einarsson, Ásthildur Pétursdóttir, Matthías Á. Mathiesen, Ellert Eiríksson, Salóme Þorkelsdóttir og Gunnar G. Schram.



Guðmundur Axelsson  
Klausturhólar  
sími 19250

LISTMUNAUPPBOÐ nr. 137

**Bókauppboð**

sunnudaginn 15. mars 1987 kl. 14.00  
í Templarahöllinni, Eiríksgötu 5.

Bækurnar verða til sýnis á Laugavegi 8, 3. hæð,  
laugardaginn 14. mars kl. 14.00-18.00.

A-Barðastrandarsýsla:

## Kosið um sameiningu um helgina

Miðhúsum, Reykhólasveit. ATKVÆDAGREIÐSLA um sameiningu allra sveitarfélaga í Austur-Barðastrandarsýslu í eitt sveitarfélag fer fram í dag, 14. mars og á morgun, 15. mars. Báða dagana verður kosið á þingstöðum hreppanna frá klukkan 13 til 17.

Talið verður eftir helgina. Hrepparnir fimm sem um ræðir eru: Múlahreppur, Gufudalssveit, Flat-eyjarhreppur, Reykhólasveit og Geiradalshreppur.

Sveinn

## Gallerí Gangskör: Sýningu Sigurðar lýkur um helgina

SÝNINGU á verkum Sigurðar Eypórssonar í Gallerí Gangskör lýkur á sunnudaginn, 15. mars.

**Fermingar-fötin færðu hjá okkur**

Opið í dag laugardag frá kl. 10-2

*Sveinn*

Vesturgötu 4